
Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

TÓNLEIKAR

í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 10. nóvember 2002
kl. 17:00

Einleikari: Valgerður Andrésdóttir
Stjórnandi: Óliver Kentish

EFNISKRÁ:

L. v. Beethoven: Coriolan forleikurinn, ópus 62.
Allegro con brio

W. A. Mozart: Sinfónía nr. 36 í C-dúr, K 425, Linz
Adagio - allegro spiritoso
Poco adagio
Menuetto
Finale, presto

- HLÉ -

-

L. v. Beethoven: Konsert nr. 4 í G-dúr fyrir píanó og hljómsveit, ópus 58
Allegro moderato
Andante con moto
Rondo, vivace - presto

Aðgangseyrir er kr. 1000, frítt fyrir börn og nemendur,
500 kr. fyrir eldri borgara

FLYTJENDUR:

Valgerður Andrésdóttir lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1985 og stundaði síðan framhaldsnám við listaháskólann í Berlín. Þaðan útskrifaðist hún 1992. Eftir það bjó hún um skeið í Danmörku. Valgerður hélt sína fyrstu einleikstónleika á Íslandi árið 1990 og hefur síðan komið reglulega fram, ýmist sem einleikari, í kammertónlist eða með söngvurum. Eftir heimkomuna 1996 hefur hún tekið virkan þátt í tónlistarlífinu hér, bæði kennt og leikið á tónleikum. Hún hlaut listamannalaun árið 1999. Valgerður starfar nú við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Óliver Kentish fæddist árið 1954 í London og þar hóf hann sellónám 12 ára gamall. Hann stundaði framhaldsnám við Royal Academy of Music þar sem aðalkennari hans var Vivian Joseph. Árið 1977 fluttist hann til Íslands til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur hann síðan tekið virkan þátt í tónlistarlífinu hér, sem hljóðfæraleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Frá árinu 1978 kenndi hann í átta ár við Tónlistarskólann á Akureyri og var einn af stjórnendum hljómsveitar skólans. Árið 1986 réði Óliver sig til Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem hann stofnaði Kammersveit skólans 1992. Auk þessara sveita hefur Óliver stjórnað öðrum hljómsveitum, svo sem Kammerhljómsveit Akureyrar (fyrirrennara Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands) og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Óliver hefur verið mjög afkastamikið tónskáld og er meðlimur í Tónskáldafélagi Íslands. Vert er að nefna að árið 1994 pantaði breska ríkistjórnin verk hjá honum sem gjöf til íslensku þjóðarinnar í tilefni 50 ára afmæli lýðveldisins. Einnig samdi hann verk í tilefni af heimsókn Önnu Bretaprinsessu til Íslands í júlí á þessu ári. Hann hefur tvívegis verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti þar sem verk hans voru frumflutt og verður staðartónskáld í þriðja sinn á næsta ári. Nokkur verk samin á þessu ári að beiðni ýmissa tónlistarmanna bíða flutnings. Óliver hefur oft komið fram með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna í Reykjavík, bæði sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hljómsveitin hefur auk þess frumflutt nokkur verka hans.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna heldur nú fyrstu tónleika þrettánda starfsárs síns. Hún er, eins og nafnið bendir til, fyrst og fremst skipuð hljóðfæraleikurum sem hafa atvinnu sína af öðru en hljóðfæraleik. Æfingar eru haldnar einu sinni í viku og starfið er ólaunað. Sveitin heldur tónleika 5-6 sinnum á ári og kemur auk þess fram á tónleikum með öðrum og við ýmis tækifæri. Frumkvöðull að stofnun hennar 1990 og aðalstjórnandi æ síðan er Ingvar Jónasson. Hljómsveitin hefur skapað sér

fastan sess í menningarlífi höfuðborgarsvæðisins og raunar landsins alls því hún hefur haldið tónleika og leikið með listamönnum víða um landið. Á síðastliðnu starfsári lék hún t.d. með kór og einleikurum í Vestmannaeyjum í nóvember 2001 og með svarfdælskum einleikara á Dalvík í maí 2002. Í haust lauk upptökum á geisladiski sem gefinn verður út á næstunni.

Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Hjörleifur Valsson

1. fiðla

Hjörleifur Valsson
Helga R. Óskarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Huld Hafsteinsdóttir
Vera Ósk Steinsen
Anne-Marie Steinheim
Kristín Þóra Jökulsdóttir
Ólöf Kristjánsdóttir
Hrafnhildur Linnét Runólfssdóttir

2. fiðla

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Helga Andrésdóttir
Fríða Björg Leifsdóttir
Jóhanna Kolbrún Guðmundsdóttir
María Stefanía Dalberg
Yukiko Koshizuka
Ingunn Oddsdóttir
María Rut Baldursdóttir

Víóla

Þórunn Harðardóttir
Hrefna Katrín Guðmundsdóttir
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Eva Björg Harðardóttir

Selló

Páll Einarsson
Sverrir Teitsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Kontrabassi

Kjartan Guðnason
Leifur Benediktsson

Flauta

Kristrún H. Björnsdóttir
Hildur Þórðardóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinetta

Ella Björt Daníelsdóttir
Sigurður Steinþórsson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Rebekka Bryndís Björnsdóttir

Trompet

Jón Hafsteinn Guðmundsson
David Noteboom

Horn

Svafa Þórhallsdóttir
Sturlaugur Jón Björnsson

Pákur

Árni Áskelsson

UM HÖFUNDA OG TÓNVERK:

W. A. Mozart (1756-1791): Sinfónía nr. 36 í C-dúr, K. 425, „Linz-sinfónían“

Mozart kvæntist Constanze Weber árið 1782 og sumarið eftir fór hann með brúði sína til Salzburg til að kynna hana fyrir fjölskyldunni. Sú heimsókn mýkti ekki hjarta Leópols gamla, sem hafði verið andsnúinn þessum ráðahag, en á heimleiðinni til Vínarborgar komu Mozart-hjónin við í Linz þar sem tónlistaráhugmaðurinn Thun greifi beið þeirra óþolinmóður. Þangað komu þau 30. október og daginn eftir skrifar Mozart föður sínum: „Á þriðjudaginn, 4. nóvember, ætla ég að halda konsert í leikhúsinu hérna, og með því að ég hef enga sinfóníu með mér, er ég að semja nýja í ofboðs hasti, því hún verður að vera tilbúin fyrir tónleikana ...“ Þetta var „Linz-sinfónían“ K. 425, sem ber þess engin merki fremur en önnur sköpunarverk tónskáldsins að hafa verið samin í flýti.

L. van Beethoven (1770-1827): Coriolan-forleikur op. 62

Beethoven samdi Coriolan-forleikinn undir áhrifum af mjög vinsælu leikriti þess tíma, „Coriolan“ eftir Heinrich Joseph von Collin, sem sjálfur hafði samið leikrit sitt upp úr harmleik Williams Shakespeare, „Coriolanus“. Þar segir frá stoltum rómverskum hershöfðingja sem hlotið hafði viðurnefnið Coriolanus eftir hernám borgarinnar Corioli í landi Volska á S-Ítalíu. En hershöfðinginn getur ekki lifað í friði í samræmi við rómverska spakmælið „Ex bello pax“ — friður fylgi stríði — og í því er fall hans falið.

Píanókonsert nr. 4, G-dúr op. 58.

Beethoven frumflutti 4. píanókonsertinn sjálfur á einkatónleikum á heimili Lobkowitz prins í mars 1807. Heyrn hans var þá farið svo mjög að hraka að hann reyndi að fá aðra til að spila á píanóið. Sá fyrsti sagði verkið of erfitt til að læra það á skömmum tíma; sá næsti tók verkefnið að sér en spilaði svo annan Beethoven-konsert í staðinn þegar á hólminn kom, Beethoven til skiljanlegrar gremju. Á tónleikunum í húsi Lobkowitz var Coriolan-forleikurinn einnig á efnisskrá.

SSt

Þess má geta að Coriolan-forleikurinn var fyrsta verk á efnisskrá fyrstu tónleika íslenskrar sinfóníuhljómsveitar, á hvítasunnudag 1925. Það er til marks um hversu stutt saga íslenskrar hljómsveitarmenningar er að á tónleikum okkar hér í dag er að minnsta kosti einn tónleikagestur sem viðstaddur var þann atburð.

Hljómsveitin þakkar Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.